


Tilgangur

ELKO ætlar að leggja sitt af mörkum að draga úr álagi á umhverfið sem hlýst vegna raftækjaúr- gangs sem er tilkomin vegna smásölu og annarrar losunar beint frá rekstri fyrirtækisins.

Framtíðarsýn

ELKO ætlar að vera leiðandi fyrirtæki í hringrásarhagkerfi raftækja á Íslandi.

Markmið umhverfisstefnu



Flokkur úrgangur verði orðinn meira en 90% af heildarúrgangi árið 2030.

Að hlutfall gallaðrar vöru sem fargað er lækki í 0,6% fyrir árið 2030.

Að fyrir 2030 verði minnst 20.000 vörum á ári komið í hringrásarhagkerfið.

Að árleg sala notaðrar vöru verði yfir 10.000 fyrir árið 2030.

Aðgerðir

- »» Flokka úrgang og endurvinnu. Flokkunartunnur skilgreindar og aðgengilegar á öllum starfsstöðvum. Námskeið í flokkun einu sinni á ári. Áhöld og tæki sem eru komin á líftíma eru endurseld eða gefin í hringrásarhagkerfi.
- »» Auka hlutfall viðgerðarhæfrar vöru í vöruúrvali og efla verkstæðisþjónustu fyrir raftæki.
- »» Auka hlutfall gallaðrar vöru inn í hringrásarhagkerfi.
- »» Auka markaðsstarf á „fáðu eitthvað fyrir ekkert“ og efla vitund traustra ráðgjafa á verkefninu. Setja vörur sem falla til vegna galla inn í hringrásarhagkerfið og taka við fleiri vörutegundum.
- »» Auka vöruframboð á hagstæðu verði á notuðum vörum og efla markaðsstarf.